

- 99 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Björns Eysteinnssonar“, 15. maí útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. maí 1950. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Björns Eysteinnssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Birni Eysteinessyni, með gjafabréfi, dags. 31. marz 1924, til styrktar fátækum í Torfalækjarhreppi. Nafn sjóðsins skal vera: Styrktarsjóður Björns Eysteinnssonar.

Af gjafabréfinu skulu tekin 2 samrit og geymist sitt eintakið hjá hvorum, oddvita Torfalækjarhrepps og oddvita sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu. Frumrit gjafabréfsins geymist í þjóðskjalasafninu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2000.00 í hlutabréfum Eimskipafélags Íslands, og kr. 1000.00, er gefandinn hefur nú afhent í bréfum Kreppulánasjóðs. Auk þessa eru innkomnir vextir kr. 1009.23, og er sjóðurinn því alls 31. des. 1937 kr. 4009.23.

3. gr.

Vextir allir skulu lagðir við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn tíu þúsund krónur. Eftir þann tíma skal veita styrk úr sjóðnum, sem nemi $\frac{3}{4}$ af vöxtum hans árlega, en leggja $\frac{1}{4}$ af vöxtunum við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn tuttugu þúsund krónur. Eftir þann tíma skal verja $\frac{1}{10}$ af vöxtunum árlega til styrkveitinga, en leggja jafnan $\frac{1}{10}$ við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

4. gr.

Styrkur úr sjóðnum skal árlega veittur fátækum fjölskyldumönnum í Torfalækjarhreppi, sem eiga framfærslurétt þar, en eru ekki á sveitarframfæri, og njóta ekki styrks úr ellistyrktarsjóði hreppsins. Við úthlutun styrksins skal tekið tillit til reglusemi og dugnaðar, enda skulu óhófsmenn og letingjar undanskyldir því að njóta hans.

Barnlausum mönnum má því aðeins veita styrk úr sjóðnum, að þeir verði fyrir veikindum eða slysum. Ekki skal úthluta neinum minni styrk en eitt hundrað krónum. Sé eitthvert ár ekki úthlutað öllum þeim styrk, sem heimilt er samkv. 3. gr., skal það, sem afgangur verður, lagt við höfuðstólinn, en heimilt er þó að úthluta jafnhárrí upphæð af vöxtunum síðar fram yfir það, sem 3. gr. ákveður.

5. gr.

Hreppsnefnd Torfalækjarhrepps skal hafa á hendi stjórn sjóðsins. undir yfirstjórn sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu. Hún skal árlega úthluta styrk þeim, sem úthluta ber samkvæmt framanskráðu, og semja árlega reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins, er sendist sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu til yfirlits. Reikninga sjóðsins og allt, sem snertir hag hans, skal rita í sérstaka bók.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Húnavatnssýslu að Blönduósi, að því leyti, sem hann er í peningum og breytist í peninga.

Heimilt er hreppsnefndinni að selja verðbréf sjóðsins, ef samþykki sýslunefndar kemur til. **99**

15. maí

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Í desember 1937,

f. h. hreppsnefndar Torfalækjarhrepps

Jón Stefánsson

oddviti.

AUGLÝSING

100

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu,
nr. 102 31. ágúst 1937.

26. maí

2. málsg. 33. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Réttarstjóri á aukarétt sér um, að úrtíningur sé rekinn til aðalréttar á þann hátt, sem hreppsnefnd hefur mælt fyrir um, enda tilnefni hreppsnefnd sérstaka menn til þess að reka fé af aukarétt á aðalrétt og sé það talið til annarra fjallskila.

Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Úrtíningur telst það fé, sem ekki á heima á svæði því, er aukarétt nær til.

Breyting þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. maí 1950.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

GJALDSKRÁ

101

fyrir Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

2. júní

I. RAFORKA

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Um hemla eða hemilmæla.

Fyrir kr. 600.00 hvert kílóvatt um árið. Rafveitan selur eigi minna afl um hemil en ½ kílóvatt.

Þeir notendur, sem festa kaup á 20 kw. a. m. k. til heils árs, skulu geta fengið það afl, er þeir nota fram yfir fastaafli, gegn kwst.gjaldi:

1. Til iðnaðar eða vélareksturs fyrir 50 auru hverja kwst.

2. Til upphitunar húsa eftir sérstökum samningi, þar sem tekið er tillit til þess á hvaða tíma dags orkan er notuð.

Rafveitustjóra er heimilt að takmarka raforkusölu um hemla og hemilmæla með tilliti til þess, að vélaafli, götulínur og spennar þoli álagið.